

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 56/2000**

**frá 28. júní 2000**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var að laegaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2000 frá 31. mars 2000(<sup>1</sup>).
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB frá 23. febrúar 1999 um samþykkt skráar yfir bragðefni, sem eru notuð í eða á matvælum, til beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996(<sup>2</sup>) skal félld inn í samninginn.

**ÁKVEDID EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54u (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 292/97/EB) í XII. kafla í II. viðauka við samninginn:

- „54v. **399 D 0217:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB frá 23. febrúar 1999 um samþykkt skráar yfir bragðefni, sem eru notuð í eða á matvælum, til beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 (Stjtíð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1).“

---

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB L 141, 15.6.2000, bls. 46 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 28, 15.6.2000, bls. 268.

(<sup>2</sup>) Stjtíð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1.

*2. gr.*

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*)).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*

---

(\*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.